# LEIÐBEININGAR FYRIR SKRÁNINGAR OG GREIÐSLUKERFI - NORI

NORI er vefskráningar og greiðslukerfi Vals sem auðveldar utanumhald fyrir félagið og deildir þess. Forráðamenn skrá sjálfir inn allar upplýsingar og ganga frá greiðslum á æfingagjöldum í gegnum netið. Kerfið sparar þannig mikla vinnu og veitir um leið betri þjónustu fyrir notendur.

Um kerfið:

- Heldur utan um námskeið sem í boði eru, tímabil og annað sem við á
- Tekur við greiðslum og sendir út kvittanir
- Heldur utan um mætingar- og póstlista
- Þjálfarar geta miðlað upplýsingum með auðveldum hætti til forráðamanna
- Notendur geta ráðstafað frístundastyrk

Kostir kerfisins:

- Marvissari skráningar
- Upplýsingar réttari, s.s. símar og netföng
- Stjórnir deilda hafa betri yfirsýn
- Skilvirkari innheimta
- Betra utanumhald

**ATH.** Foreldrar þurfa að <u>ganga frá skráningu í upphafi hvers tímabils</u>. Skráning færist <u>ekki</u> sjálfkrafa á milli tímabila. Æfingatímabil í hverri íþróttagrein eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| **Fótbolti:** | Jan – Ágú \| Jan – Maí \| Jún – Ágú \| Sept – Des |
| **Handbolti:** | Jan – Maí \| Ágú – Des |
| **Körfubolti:** | Jan – Maí \| Ágú – Des |




NORI er beintengdur island.is sem þýðir að forráðamenn nota rafræna auðkenningu eða rafræn skilríki til að auðkenna sig. Smellt er á „Skráning iðkenda" á valur.is eða farið beint inn á slóðina valur.felog.is þar sem haka þarf við að „Samþykkja skilmála" og svo er smellt á <u>island.is „skrá inn"</u>.




**<u>ATH: Frístundastyrkur og Valsrúta</u>**

Muna að skrá sig inn með **ÍSLYKLI** til að geta ráðstafað Frístundastyrknum. <u>Ekki er hægt að ráðstafa frístundastyrk til Vals í gegnum heimasíðu rafrænnar Reykjavíkur.</u> Þú þarft að fara inn á valur.felog.is með íslykli eða rafrænum skilríkjum

Ertu að fara skrá barnið þitt í Valsrútuna? Um leið og þú skráir barnið í íþróttagreinina kemur valmöguleiki á að skrá barnið í rútuna.

Að kröfu hins opinbera er ekki er hægt að ráðstafa frístundastyrk nema með rafrænni auðkenningu. Kjósi forráðamaður að skrá sig inn án rafrænnar auðkenningar getur hann gengið frá skráningu en ekki ráðstafað frístundastyrk. Þá er einungis slegin inn kennitala og lykilorð.

Því næst færist notandi beint inn á skráningarsíðu island.is þar sem valið er innskráningarform, íslykill eða rafræn skilríki í farsíma. Íslykilinn getur þú nálgast inn á „rafrænum skjölum“ í einkabanka en rafræn skilríki er hægt að tengja við snjallsíma í útibúum viðskiptabankanna hér á landi.



Ef um nýskráningu er að ræða er valin „Nýskráning“ og opnast þá nýr gluggi og þá á að færa inn kennitölu (án bandstriks) og smella á „Sækja“.




Hér þarf að skrá upplýsingar í alla reiti: Heimili, netföng og símanúmer. Gæta þess að velja sterkt lykilorð (a.m.k. 8 stafir). Ekki þarf að bíða eftir að lykilorð er samþykkt og er það ekki sent á netfang þannig að það þarf að geymast vel.




Með því að haka við „Ég er Valsari“ er viðkomandi kominn sjálfvirkt inn á póstlista félagsins. Að lokum þarf að haka við „I‘m not a robot“ og smella á „Vista“. Þetta er bara gert í upphafi við nýskráningu, næst þegar farið er inn í kerfið er valin „Innskráning“.

Þegar komið er inn í kerfið þarf að skrá iðkendur. Valinn er „Nýr iðkandi“ og þá er viðkomandi valinn úr fellistikunni. <u>Athugið að skrá þarf netföng og símanúmer fyrir alla iðkendur.</u>




Þá birtist listi yfir alla iðkendur í viðkomandi fjölskyldu undir „Mínir iðkendur“. Til að sjá námskeið sem í boði eru fyrir hvern iðkanda þarf að smella á „Skráning í boði“ Þá birtast öll námskeið hjá Val sem eru í boði fyrir þann aldurshóp sem iðkandi tilheyrir. Þá er að velja viðeigandi námskeið til að skrá á það og ganga frá greiðslu.

Ef nota á Frístundastyrk sem greiðslu fyrir námskeið er honum ráðstafað í gegnum NORA. Það er gert með að haka við „Já“ við „Nota Frístundastyrk Reykjavíkur og þá færist inn fullur styrkur sem er kr. 50.000 fyrir tímabilið sem er eitt ár í senn.

**MEIRA Á NÆSTU SÍÐU**


Aðgerðir
Leiðbeiningar
Tilkynningar
Útskráning
Skráning á námskeið
Iðkandi
Valur Valsari
Skráning
Staðfesting
Yfirlit
Námskeið
Æfingagjöld
Deild/Flokkur
Knattspyrnudeild BUR / 8.flokkur kk. > KK > 4 - 5
Forráðamaður
Valur Valsararson
Tímabil
01.01.2018 - 31.08.2018
Athugasemd
Hér er hægt að skrá upplýsingar um iðkandann sem birtist starfsfólks á skrifstofu, ef um sérstakar aðstæður er að ræða s.s. veikindi, greiningar eða annað vinsamlega hafið samband við þjálfara, tölvupóstur allra þjálfa er á heimasíðu Vals.
0 / 150
Verð
30.300 kr.
Nota Frístundastyrk Reykjavíkur
Já
Nei
Frístundastyrkur
0 kr.
Samtals
30.300 kr.
Greiðslumáti
Veldu greiðslumáta
TIL BAKA
Sjá skilmála
Samþykki skilmála
ÁFRAM


Samtals
47.600 kr.
Greiðslumáti
Kreditkort
Kortanúmer
Fjöldi greiðslna
Veldu fjölda greiðslna
Gildistími Mán
Mán
Gildistími Ár
Ár
Öryggistala
TIL BAKA
Sjá skilmála
Samþykki skilmála
ÁFRAM


Samtals
47.600 kr.
Greiðslumáti
Greiðsluseðill
Fjöldi greiðslna
Veldu fjölda greiðslna
TIL BAKA
Sjá skilmála
Samþykki skilmála
ÁFRAM

Hægt er að velja um tvennskonar greiðslumáta í fellistiku, kreditkort og greiðsluseðla og skipta gjaldinu niður í mánaðarlegar greiðslur. Umbeðnir greiðsluseðlar birtast í netbanka viðkomandi forrráðamanns. Fyrir hvern útgefin greiðsluseðil innheimtist sérstakt seðilgjald sem er 390 kr.

Þegar valinn hefur verið greiðslumáti og viðeigandi upplýsingar settar inn er mikilvægt að kynna sér og haka við í kjölfarið „Samþykki skilmála" og samþykkja með greiðslu.

Að því loknu er farið á staðfestingarsíðu og greiðslan kláruð, „Áfram". Í kjölfarið fær forráðamaður kvittun senda á netfang sitt og ferlinu er lokið. Ef kvittun berst ekki, gætið þess að skoða ruslpóst.

Greiðsluseðlar birtast nær samtímis í netbanka og kortafærslur degi síðar.

Allar nánari upplýsingar um greiðslu og skráningu hjá deildum Vals má fá á skrifstofu félagsins í Valsheimilnu að Hlíðarenda:

- Netfang: valur@valur.is
- Sími á skrifstofu:  414-8000
- Opnunartími 9-16 alla virka daga